

Heiti verkefnis: Litlu lestrarhestarnir

Styrkþegar: Bryndís Stefánsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Auka lesskilning
- Koma til móts við nemendur sem komnir eru af stað í lestrarnáminu

Umsækjandi hefur hug á að útbúa lesskilnings verkefni fyrir 1. – 2. bekk með einföldum lestextum sem nemendur vinna svo úr. Síðastliðin fimm ár hefur umsækjandi haft umsjón með 1. bekk þrisvar sinnum og hefur rekið sig á að oft hefur skort efni við hæfi fyrir þá nemendur sem komnir eru af stað í lestrarnáminu við byrjun í 1. bekk. Sérstaklega hefur vantað lesskilningsverkefni fyrir yngstu nemendurnar og þegar byrjað er að vinna formlega með lesskilning t.d í 3. bekk vantar nemendum þá æfingu sem þar til að vinna þesskonar verkefni þar sem textarnir eru langir og nemendum vantar tæknina til að vinna úr efni.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum

Styrkþegi byrjaði á því að skoða lesskilnings verkefni fyrir aldurshópinn sem hann hafði í huga frá öðrum löndum s.s. Bretlandi og Bandaríkjunum. Eftir þá vinnu bjó umsækjandi til þrjá grunna af verkefnum sem voru svo notuð jafn og þétt yfir veturinn. Byrjað var á fremur auðveldum verkefnum og fóru nemendur þá í gegnum verkefnið með kennara og voru nemendur svo þjálfaðir í að vinna verkefnið sjálfstætt. Unnin voru verkefni sem tengdust þeim viðfangsefnum sem unnið var með í skólanum, þemaverkefni og sögur en svo einnig aukaverkefni þar sem viðfangsefni voru önnur. Fleiri kennarar en styrkþegi prófuðu verkefnið og létu vel að þeim einnig komu þeir með ábendingar ef einhverra úrbóta var þörf.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Ekki var mikið um hindranir eða frávik en þó kom í ljós að eftir því sem leið á veturinn þurfti einstaka nemandi aðstoð við lestur á texta verkefnanna og þurfti því að gera einfaldari útgáfur af sumum verkefnanna. Var því lengri orðum skipt niður í orðhluta svo auðveldara væri að lesa textann í verkefnum.


Mat á verkefninu

Það er mat styrkþega að verkefnið hafi tekist vel. Nemendur voru áhugasamir og þeir kennarar sem prófuðu verkefnið voru ánægðir með þau og fannst þau góð viðbót við lestrarnámið, þar sem ekki hefur verið mikið úrval lesskilningsverkefna fyrir þennan aldurshóp. Þar sem umsækjandi kennir í 2. bekk á yngri stigi næsta skólaár sér hann fram á að halda áfram að þróa verkefnið. Verkefnið verða aðgengileg öðrum kennurum í gegnum google drive núna í haust. Hér fyrir neðan eru nokkur sýnishorn af verkefnum.

Lesskilningur

Lestu textann og svaraðu spurningunum

Róla
Lóa og Ari róla.
Lóa og Ari róla hratt.
Lóa og Ari róla í skólanum.
Ari og Lóa eru vinir.



Ari og Lóa	☐ spila. ☐ róla. ☐ syngja.
Ari og Lóa róla í	☐ sundi. ☐ baði. ☐ skólanum.
Ari og Lóa róla	☐ hratt. ☐ inni. ☐ hægt.

Lesskilningur

Lestu textann og svaraðu spurningunum

Kisan mín Káta


Þetta er kisan mín sem heitir Káta.

Káta á bolta sem er gulur.

Kátu finnst gaman að leika með boltann.

Káta borðar fisk.

Mér þykir vænt um Kátu.



Hvað heitir kisan?

- ☐ Snælda
- ☐ Káta
- ☐ Brandur

Kisan Káta á?

- ☐ skó
- ☐ hatt
- ☐ bolta

Kátu finnst gott að borða?

- ☐ epli
- ☐ fisk
- ☐ köku

Lesskilningur

Lestu textann og svaraðu spurningunum

Ari bakar

Ari er að baka.

Ari er að baka köku.

Ari bakar köku fyrir ömmu og afa.

Amma á afmæli.

Amma á 50 ára afmæli.



1. Ari bakar _____

snúð.

köku.

brauð.

2. Ari bakar köku fyrir _____

Sísí og Lóló.

mömmu og pabba.

ömmu og afa.

3. Amma á _____

afmæli.

hest.

bíl.

Lesskilningur

Lestu textann og svaraðu spurningunum

Greppikló

Mús gekk út í skóg. Hún hitti ref, uglu og slöngu. Músin sagði dýrunum frá Greppikló sem borðar refa-steik, uglu-ís og slöngu-hakk. Þegar dýrin hittu músina og Greppikló urðu þau hrædd og fóru strax heim í hús að fela sig.



Hvar var músin að labba?

- ☐ úti á götu
- ☐ úti í garði
- ☐ úti í skógi

Hvaða dýr hitti músin?

- ☐ ref, hest og mús
- ☐ uglu, slöngu og ref
- ☐ ref, uglu og kisu

Greppikló vill borða?

- ☐ slöngu-ís
- ☐ uglu-ís
- ☐ refa-ís

Leyni-verkefni: hvað finnur þú mörg G/g? _____

Lesskilningur


Lestu textann og svaraðu spurningunum

Blómin á þakinu.

Gunnjóna átti heima í sveit. Hún átti mörg dýr.
Eina kú, sjö hænur, tvær kindur og líka kött.
Gunnjóna varð lasin og þurfti að flytja í bæinn í
blokk.

Gunnjóna varð að skilja dýrin eftir í sveitinni en tók
kisuna sína með.
Kisan hennar heitir Snjólfur.

Gunnjóna ræktaði blóm og matjurtir. Hún setti líka gras á þakið.
Gunnjóna varð leið því hún saknaði dýranna sinna.
Hún fór í sveitina og náði í dýrin sín. Kindurnar uppi bitu gras á þakinu í
blokkinni.



1. Hvaða dýr átti Gunnjóna?

2. Hvert flutti Gunnjóna?

3. Hvar geymdi Gunnjóna kindurnar?
